

# Leikur að Læra

## Kraftur Sköpun Lífsgleði

### Skólanámskrá Leikskóla Fjallabyggðar

2021



Leikhólar Ólafsfirði



Leikskálar Siglufirði

## Efnisyfirlit

Formáli.....	5
1. Ytri aðstæður.....	6
1.1. Yfirstjórn leikskólamála .....	6
1.2. Fræðslustefna Fjallabyggðar .....	6
1.3. Stoðþjónusta .....	6
1.3.1. Nemendaverndarráð .....	6
1.3.2. Sérkennslustjóri.....	7
1.3.3. Talmeinafræðingur .....	7
1.3.4. Sálfræðingur .....	7
1.3.5. Heilsugæsla.....	7
1.3.6. Félagsþjónusta.....	7
2. Námskrá leikskólans .....	7
2.1. Markmið leikskólastarfsins.....	7
2.2. Stefna og uppeldissýn Leikskóla Fjallabyggðar.....	8
2.2.1. Kenningar.....	8
Lífsleikni í leikskóla .....	9
3. Námssvið leikskólans.....	10
3.1. Heilbrigði og vellíðan .....	10
3.2. Læsi og samskipti.....	10
3.3. Sköpun og menning .....	11
3.4. Sjálfbærni og vísindi .....	11
4. Grunnþættir menntunar.....	13
4.1. Læsi.....	13
4.2. Sjálfbærni.....	14
4.3. Heilbrigði og velferð .....	14
4.4. Lýðræði og mannréttindi.....	15
4.5. Jafnrétti.....	16
4.6. Sköpun .....	16
5. Daglegt líf í leikskólanum.....	17
5.1. Dagskipulag.....	17
5.1.1. Að koma og fara .....	17

5.1.2. Að klæða sig í og úr .....	17
5.1.3. Borðhald .....	18
5.1.4. Svefn og hvíld .....	18
5.1.5. Hreinlæti .....	19
5.1.6. Frágangur og snyrtimennska .....	19
5.2. Það er leikur að læra .....	19
5.2.1. Þróun leiksins.....	19
5.2.2. Byggingarleikur .....	20
5.2.3. Hlutverkaleikur .....	20
5.2.4. Hreyfileikir .....	20
5.2.5. Frjáls og sjálfsprottinn leikur .....	20
5.2.6. Starfsaðferðir og hlutverk leikskólakennarans .....	21
5.3. Útikennsla/Útinám .....	22
5.4. Verkefni elstu barnanna .....	22
6. Sérfræðiþjónusta .....	23
7. Samstarf heimilis og leikskóla.....	23
7.1. Foreldrasamstarf .....	24
7.2. Aðlögun .....	24
7.3. Dagleg samskipti.....	24
7.4. Almennar upplýsingar og fræðsla .....	25
7.5. Foreldrasamtöl .....	25
7.6. Foreldrafélög og þátttaka foreldra í leikskólastarfi .....	25
7.7. Foreldraráð .....	25
8. Stjórnun og stjórnunarhættir .....	26
8.1. Fundir.....	26
8.2. Boðleiðir .....	26
8.3. Samstarf.....	26
8.4. Verkaskipting og ábyrgðarsvið .....	27
9. Innra mat – Sjálfsmat leikskóla.....	29
9.1. Hversu góður er leikskólinn okkar .....	29
9.2. Leikskólapúlsinn.....	29
10. Ársáætlun - Ársskýrsla .....	29
11. Öryggismál.....	30
11.1. Eftirlit með öryggisþáttum .....	30

12. Slys - Viðbragðsáætlun .....	31
Viðbragðsáætlun Leikskóla Fjallabyggðar .....	31

## Formáli

Leikskóli Fjallabyggðar er starfræktur í tveimur byggingum Leikhólum, Ólafsvégi 25 í Ólafsfirði og Leikskálum, Brekkugötu 2 á Siglufirði. Leikskólinn er samtals 7 deildir og þar dvelja 100-120 börn, breytilegt milli ára og árstíða hver fjöldinn er.

Leikskólinn er opinn frá kl: 7:45 – 16:15 og vistunartími barnanna er frá fjórum tímum upp í átta og hálfan tíma.

Markmið Leikskóla Fjallabyggðar er að búa börnunum vel skipulagt uppeldisumhverfi sem mæti ólíkum þörfum einstaklinganna og fjölskyldna þeirra. Leikskólinn starfar samkvæmt fræðslustefnu Fjallabyggðar. Einkunnarorð hennar eru:

## Kraftur – Sköpun – Lífsgleði

Helstu símanúmer: Leikhólar: 4649240; Leikskálar: 4649145;

Netfang [leikskoli@fjallaskolar.is](mailto:leikskoli@fjallaskolar.is)

Skólastjóri: Olga Gísladóttir, sími 4649242 netfang [olga@fjallaskolar.is](mailto:olga@fjallaskolar.is)

Aðstoðarskólustjóri: Kristín María Hlökk Karlsdóttir, netfang [kristinm@fjallaskolar.is](mailto:kristinm@fjallaskolar.is)

Heimasíður: <http://www.leikskolifjallabyggdar.leikskolinn.is>

Leikskóli Fjallabyggðar varð til við sameiningu Leikskála og Leikhóla árið 2010.

## Leikskálar.

Kvenfélagið Von kom á fót fyrsta barnadagheimilinu hér á Siglufirði árið 1932. Fyrsta árið undir stjórn barnaverndarnefndar en félagið tók svo alfarið við rekstrinum árið 1933. Í tvö sumur var barnadagheimilið starfrækt í húsi kvenfélagsins með styrk frá bænum. Þessi starfsemi féll þó niður í 3 ár, en vorið 1938 tóku kvenfélagskonur þá ákvörðun að hefja starfsemi barnadagheimilis að nýju. Tóku þær á leigu lítið býli sem heitir Steinaflatir þar sem þær höfðu aðgang að tveim litlum herbergjum og eldhúsi. Á túninu var síðan sett upp stórt tjald og þar gátu börnin leikið sér þegar eitthvað var að veðri. Kvenfélagskonum var það ljóst frá upphafi að barnadagheimilið varð að fá sinn fasta samastað til að fullnægja eftirspurn um dvalarvist. Þess vegna fékk dagheimilisnefndin land á leigu rétt fyrir sunnan bæinn og vorið 1940 var hafin bygging húsnæðis fyrir barnaheimili og það vígt sama ár. Byggingin var allstór salur, eldhús, lítið herbergi, anddyri og snyrting. Heimilið hlaut nafnið Leikskálar. Sá tími sem heimilið var opið miðaðist við síldarvinnuna enda heimilið stofnað til gæslu fyrir börn yfir síldartímamann og var þá opnað um 20. júní og því lokað fyrstu dagana í september. Kvenfélagið rak barnaheimili sitt Leikskála til ársins 1973, en 19. desember 1973 tók snjóflóð húsið og gjöreyðilagði það svo og allt innanstokks.

**Siglufjarðarbær** hóf árið 1974 rekstur barnaheimilis sem var starfrækt allt árið. Í tæp 20 ár var barnaheimilið til húsa að Hlíðarvegi 8 eða þar til nýtt hús var byggt undir starfsemina. Haustið 1993 var nýbyggingin á Brekkugötu 2 tekin í notkun og fékk nafnið Leikskálar. Kvenfélagið Von hefur styrkt leikskólann með leikfangakaupa úr barnaheimilissjóði sínum, en í þann sjóð voru lagðar tryggingabætur vegna snjóflóðsins sem féll á gömlu Leikskála.

Þegar núverandi bygging leikskólans var opnuð voru það kvenfélagskonur sem keyptu alla innanstokksmuni fyrir ávöxtun tryggingabótanna.

## Leikhólar

Ólafsfjarðarbær hóf rekstur leikskóla fyrir börn í gömlu húsi við Strandgötu í Ólafsfirði árið 1973. Húsnæðið hentaði illa fyrir starfsemina og fljótlega var hafist handa við að byggja nýjan leikskóla. Hann var tekinn í notkun í júní árið 1982. Leikskólinn hlaut nafnið Leikhólar og var tveggja deilda, ætlaður fyrir 34 börn í einu og var tvísetinn þannig það gátu tæplega 70 börn komist að yfir daginn. Frá upphafi var gert ráð fyrir að seinna meir yrði byggð við húsið dagheimilisdeild fyrir 15-20 börn ásamt aðstöðu fyrir starfsmenn og eldhúsi. Fljótlega var farið að þrýsta á um að börn gætu fengið lengri vistun en fjóra tíma og árið 2006 voru báðar deildir Leikhóla orðnar einsetnar. Þá var hægt að velja um vistunartíma frá fjórum upp í átta og hálfan tíma á dag. Það var svo árið 2007 sem hafist var handa við að byggja við leikskólann og var viðbyggingin tekin í notkun í ágúst 2008. Nú eru á Leikhólum þrjár deildir með u.þ.b. 50 pláss.

## 1. Ytri aðstæður

### 1.1. Yfirstjórn leikskólamála

Samkvæmt lögum nr. 78/1994 bera sveitarfélög meginábyrgð á rekstri leikskóla.

Með yfirstjórn Leikskóla Fjallabyggðar fer fræðslu- og frístundanevnd. Formaður hennar er S.Guðrún Hauksdóttir

### 1.2. Fræðslustefna Fjallabyggðar

Fjallabyggð hefur gefið út fræðslustefnu fyrir Fjallabyggð. Hana má finna á heimasíðu Fjallabyggðar. Einkunnarorð fræðslustefnunnar eru Kraftur –Sköpun – Lífsgleði og eru það því leiðarstef í starfi leikskólans.

### 1.3. Stoðþjónusta

Í Leikskóla Fjallabyggðar er ýmis stoðþjónusta sem er ætlað að koma til móts við þarfir og tryggja réttindi nemenda með ýmsum hætti. Stoðþjónusta leikskólans veitir ráðgjöf til starfsfólks, foreldra og nemenda.

#### 1.3.1. Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð hefur það hlutverk að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um

framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Í nemendaverndarráði eru heilsugæsluhjúkrunarfræðingur, fulltrúi frá félagsþjónustu Fjallabyggðar, umsjónarmaður með sérkennslu í leikskólanum, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri. Einnig situr deildarstjóri þess barns sem um ræðir hverju sinni fundina ef þörf krefur.

### **1.3.2. Sérkennslustjóri**

Sérkennslustjóri er í hlutastarfi á hvorri starfsstöð leikskólans. Sérkennslustjóri hefur umsjón með sérkennslu, sinnir ráðgjöf við starfsmenn, samskiptum við sérfræðinga og þjálfun einstakra barna í samráði við deildarstjóra og stjórnendur leikskólans.

### **1.3.3. Talmeinafræðingur**

Leikskóli Fjallabyggðar hefur samning við talmeinafræðinga sem koma í leikskólann tvisvar sinnum á haustönn og tvisvar á vorönn. Talmeinafræðingar sinna greiningum og ráðgjöf í leikskólanum. Einnig taka þeir þau börn í þjálfunarstundir sem eru með beiðni frá sjúkratryggingum eftir því sem tíminn leyfir í þessum heimsóknum.

### **1.3.4. Sálfræðingur**

Skólar í Fjallabyggð hafa samning við sálfræðing sem kemur í leikskólann eftir beiðni skólastjórnenda þegar þörf er á.

Skólastjórnendur Leikskóla Fjallabyggðar hafa milligöngu um sérfræðiþjónustu þeirra sérfræðinga sem eru á þeirra vegum. Foreldrar geta haft samband við skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra ef þeir vilja komast í samband við þá.

### **1.3.5. Heilsugæsla**

Leikskólinn og Heilsugæslustöð Fjallabyggðar eiga í reglulegum samskiptum varðandi heilsu og þroska nemenda.

### **1.3.6. Félagsþjónusta**

Ráðgjafi frá Félagsþjónustu Fjallabyggðar er í reglulegum samskiptum við leikskólann. Hann sinnir ráðgjöf til nemenda, foreldra og starfsmanna vegna fatlaðra nemenda og sinnir einnig barnaverndarmálum

## **2. Námskrá leikskólans**

### **2.1. Markmið leikskólastarfsins.**

Einkunnarorð leikskólans eru Leikur að læra og með þeim orðum er lögð áhersla á að leikurinn í allri sinni mynd feli í sér nám og þroskamöguleika fyrir barnið. Því skal leikurinn alltaf vera í öndvegi í leikskólastarfinu og allt nám og þjálfun skal fara fram í gegnum leik.

Við tökum einnig mið af fræðslustefnu Fjallabyggðar sem hefur leiðarstefið Kraftur, Sköpun, Lífsgleði. Þessir meginþættir fléttast inn í allt nám og starf Leikskóla Fjallabyggðar.

Í Leikskóla Fjallabyggðar er markmiðið að börnin

- Séu lífsglöð og þeim líði vel
- Hafi trú á eigin getu

- Beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu
- Séu sjálfstæð, tillitssöm, skapandi og sjálfsörugg í lok leikskólagöngu sinnar.

Markmið leikskólans er að búa börnum og starfsfólki öruggt og þroskandi umhverfi sem býður upp á fjölbreytni í leik og starfi með hlýju, virðingu og samkennd að leiðarljósi.

Leiðir að þessum markmiðum eru:

- Val á viðfangsefnum
- Festa og skipulag
- Opinn og fjölbreyttur efniviður
- Jákvæðni og umburðarlyndi í samstarfi
- Skipulagt hópstarf
- Jákvætt og gott foreldrasamstarf

## 2.2. Stefna og uppeldissýn Leikskóla Fjallabyggðar

Aðalnámskrá leikskóla er sett af menntamálaráðherra með sama hætti og reglugerðir og skulu leikskólakennarar og rekstraraðilar taka mið af henni. Hún lýsir sameiginlegum markmikðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólastarf.

Ákveðin hugmyndafræði liggur að baki daglegu leikskólastarfi. Í Leikskóla Fjallabyggðar byggjum við á kenningum margra kenningasmiða en jafnframt nýtum við þekkingu og reynslu starfsmanna sem við skólann starfa.

### Kenningar

**Birgitta Knutskotter Olafsson** segir það að leika við börnin og ganga inn í leikinn á þeirra forsendum eitt hið mikilvægasta í uppeldisstarfinu með börnum. Hinn fullorðni þarf að sýna leiknum athygli og virðingu og gefa honum tíma og rúm. Hann þarf einnig að gera sér far um að skilja leikinn og taka jafnvel þátt í honum án þess að reyna að hafa áhrif eða taka stjórnina á leiknum.

**John Dewey** lagði mesta áherslu á að vekja áhuga barnsins með leik og starfi og þannig að virkja hina miklu athafnaþörf þess. Hin fleygu orð hans „learning by doing“, að læra með því að fást sjálf við viðfangsefnin, orðu einkunnarorð hans. Börnin eiga að vera virk og skapandi. Dewey lagði til að unnið væri með ákveðið þema á afmörkuðu tímabili og hvatti kennara til að samþætta námsgreinar.

**Erik H. Eriksson** sagði að leikurinn væri besti og virkasti þáttur í þroska og lífi barnsins. Í leiknum skapar barnið sér aðstæður til að ná valdi á sjálfu sér og umhverfinu. Samkvæmt kenningu hans er leikurinn besta leiðin til að ná jafnvægi í daglegu lífi og efla sjálft sig og styrkja. Í gegnum leikinn aflar barnið sér reynslu sem greiðir fyrir vexti og þroska þess. Leikurinn er nám og vinna barnsins.



Fjölmarginir aðrir kenningasmiðir hafa sett mark sitt á starf leikskólans þar sem starfsfólkið ber með sér þá menntun og þau viðhorf sem það hefur kynnst á sinni skólagöngu og í fyrri störfum. Við leitumst við að samræma áherslur og taka ekki nýjar hugmyndir og gleypa þær hráar heldur skoða þær í sameiningu og nýta það sem okkur finnst gagnast okkar starfi og falla að þeirri hugmyndafræði sem hér hefur þróast á mörgum árum.

### **Lífsleikni í leikskóla**

Í Leikskóla Fjallabyggðar kennum við námsefnið Lífsleikni í leikskóla, sem byggir á dygðakennslu. Það námsefni byggir m.a. á kenningum þeirra hugmyndasmiða sem hér eru taldir upp á undan og fellur því vel að kenningagrunni leikskólans. Með lífsleikni er átt við hæfni til að takast á við lífið sjálft. Segja má að leikskólanámið sé í raun samfellt lífsleikninám. Til að öðlast lífsleikni þarf barnið að læra umburðarlyndi í samskiptum sínum og samneyti við aðra, læra að bera virðingu fyrir ólíku atgervi, skoðunum og menningu. Vinátta og samkennd er dýrmætt veganesti og góður undirbúningur undir virka þátttöku í félagslífi og samstarfi síðar í lífinu. Barnið þarf að tileinka sér lífsgildi, reglur, venjur og hefðir sem ríkja heima, í leikskólanum og í samfélaginu í heild. Í leikskólanum er frumkvæði barnanna eflt og styrkt og þannig verða þau hæfari til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi. Þau eiga að taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra og leik eftir því sem aldur og þroski leyfa.

### **Könnunarleikurinn**

Könnunarleikur fer þannig fram að safnað hefur verið saman alls konar verðlausum hlutum, ekki leikföngum í hefðbundnum skilningi sem eru keypt út í búð. Þetta eru hlutir eins og keðjur, lykjar, dósir og lok. Eftir að hlutunum hefur verið raðað á gólfíð hefst leikurinn. Börnin velja sér hluti og nota þá á margan hátt. Þau fylla og tæma, setja saman, stafla, raða, draga, hrista, velja og hafna. Þau leika sér ótrufluð án fyrirsmæla frá hinum fullorðna. Þau leiða leikinn sjálf og læra um leið að hægt er að gera hluti á margan máta.

### **Tákn með tali**

Í leikskólanum eru lögð inn tákn með tali, nokkur tákn á viku. TMT auðveldar börnum máltöku og er til stuðnings fyrir þau börn sem eiga í erfiðleikum með mál.

### **Brúum bilið**

Þetta hugtak hefur verið haft yfir þau samstarfsverkefni sem leikskóli og grunnskóli vinna að í þeim tilgangi að auðvela börnum umskiptin milli skólastiga. Nánar má lesa um það í kaflanum um elstu börnin.

## Dygðakennsla

Við kennum námsefnið Lífsleikni, sem byggist á tólf dygðum sem má skipta niður á nokkur ár. Þær eru: ábyrgð, áreiðanleiki, glaðværð, hjálpssemi, hófsemi, hugrekki, kurteisi, samkennd, sköpunargleði, vinsemd, virðing og þolinmæði.

Dygðavísar lýsa hverri dygð og gefa góðar hugmyndir að verkefnum. Einnig eru þeir skreyttir spakmælum til íhugunar. Þeir eru sendir heim til barnanna til þess að uppfræða foreldra og virkja þá í dygðakennslunni. Lífsleiknin fer inn á öll námssvið leikskólans og er unnin í myndlist, tónlist, hreyfingu, málrækt, menningu og samfélagi og náttúru og umhverfi. Börnin fá þannig fjölbreytta mynd af lífinu.

Árangursríkast er að láta lífsleiknina vera sem rauðan þráð í starfinu. Hverja einustu mínútu er kennarinn með hugann við dygðina í vinnu sinni með börnunum. Ef hann sér eitthvað sem getur leitt til umræðna um viðkomandi dygð grípur hann tækifærið. Ef börnin byrja að ræða um dygðina þá styður kennarinn umræðuna með þátttöku sinni. Þegar kennarinn sér dygðina í framkvæmd hjá barnahópnum hrósar hann þeim.

## 3. Námssvið leikskólans

Námssvið leikskóla eru áhersluþættir í leikskólauppeldinu. Þau eru Læsi og samskipti; Heilbrigði og vellíðan; Sjálfbærni og vísindi; Sköpun og menning. Námssviðin skarast og þau eru samofin undirstöðuþáttum leikskólastarfs: leik, daglegri umönnun og almennri lífsleikni.

### 3.1. Heilbrigði og vellíðan

Við stuðlum að andlegri og líkamlegri vellíðan barnanna með leikjum sem reyna á líkamann og gefa færi á því að fá útrás fyrir hreyfiþörf þeirra. Einnig höfum við að markmiði að stuðla að gleði barna og fullorðinna til að auka andlega vellíðan.

#### Við leggjum áherslu á:

- Skipulagða hreyfingu
- Útiveru
- Ræða um viðeigandi klæðnað eftir veðri og kenna börnunum að meta hvernig þurfi að klæða sig fyrir útiveru
- Vettvangsferðir
- Fjölbreyttar aðstæður til náms
- Ræða um næringu og heilbrigð
- Hreinlæti og líkamlega umhirðu

### 3.2. Læsi og samskipti

Tungumálið er mikilvægt tæki til boðskipta og er snar þáttur í menningu þjóða og þjóðabrota. Þess vegna er mikilvægt að leggja áherslu á málrækt með fjölbreyttum hætti: Í samtölum, með opnum spurningum, með því að lesa fyrir barnið, segja sögur og kenna því þulur og kvæði. Málörvun á að flétta inn í alla þætti leikskólastarfsins. Börnin læra í gegnum leik og samskipti

og þróa með því læsi í víðum skilningi. Með þjálfun í samskiptum æfast börnin í að tjá sig með fjölbreyttum hætti og kynnast tungumálinu og möguleikum þess, auk þess sem þau verða læs á tilfinningar sínar og annarra.

#### **Við leggjum áherslu á:**

- Að setja orð á hluti og athafnir
- Nota rím
- Spyrja opinna spurninga
- Markvissa málörvun í samverustundum og hópastarfi
- Að æfa börnin í að segja frá og koma fram.
- Að skapa aðstæður fyrir ýmis konar hlutverkaleik þar sem tækifæri gefst til að þjálfa samskipti

### **3.3. Sköpun og menning**

Barnamenning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og menningu. Sköpun í leikskóla á fyrst og fremst að beinast að sköpunarferlinu, gleðinni, tjáningunni, könnuninni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fær að njóta sín. Allt skipulag og búnaður í leikskólanum á að stuðla að því að vekja forvitni barnsins, frumkvæði, virkni, áhuga, gleði og efla sjálfstæði þess. Hlutverk kennara er að velja leiðir sem hvetja til sjálfstæðra vinnubragða og skapandi hugsunar og gera börnunum kleift að nálgast efnid frá mörgum hliðum. Börnin fá tækifæri til að skynja umhverfi sitt, vinna með fjölbreyttan efnivið og öðlast margháttada reynslu.

#### **Við leggjum áherslu á:**

- Að börn hafi góðan aðgang að fjölbreyttum efnivið
- Að sýna verkum barnanna virðingu
- Að virkja ímyndunarafl barnanna
- Að kynna börnin fyrir þeirra nánasta umhverfi og þeirri menningu sem þar má finna
- Vekja athygli barnanna á fjölbreyttum bakgrunni barnanna og starfsfólksins, menningu, bókmenntum, tungumáli og matarvenjum til dæmis

### **3.4. Sjálfbærni og vísindi**

Markmið sjálfbærni er að börn og kennarar geri sér grein fyrir því að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skiptir máli, í nútíð og um alla framtíð. Lýðheilsa, þar sem hver einstaklingur ber ábyrgð á sjálfum sér og sinni heilsu, er hluti af sjálfbærni. Mikilvægt er að kenna börnunum að ber virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og skapa þeim tækifæri til að upplifa og njóta. Börn beita ýmsum aðferðum við að kanna og skilja umhverfi sitt. Kennurum ber að ýta undir forvitni, ígrundum og vangaveltur barna og hvetja þau til að spyrja spurninga og leita mismunandi lausna.

#### **Við leggjum áherslu á:**

- börnin læri að annast sig sjálf, bera ábyrgð á sjálfum sér og heilsu sinni

- gera börnin meðvituð um náttúruna og að þau læri að þekkja hana og virða
- það skiptir máli í nútíð og framtíð hvernig við göngum um okkar nánasta umhverfi
- flokka sorp, endurvinna og endurnýta efnivið
- Að kynna börnin fyrir stærðfræðilegum viðfangsefnum s.s. tölum, táknum og mynstri
- Vekja athygli barnanna á hringrásum og fyrirbærum náttúrunnar, lífverum í umhverfinu og lífsháttum þeirra

## 4. Grunnþættir menntunar

Skólanámskráin er byggð á sex grunnþáttum menntunar, sem skilgreindir eru í Aðalnámskrá leikskóla. Grunnþættirnir eru:

- Læsi
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sköpun

„Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það.“<sup>1</sup>

Námssviðin skarast og eru samofin undirstöðupáttum leikskólastarfsins: leik, daglegri umönnun og almennri lífsleikni. Leikskólanum ber að skapa öllum börnum tækifæri til að þroska hæfileika sína með því að bjóða upp á fjölbreyttar leiðir og efnivið auk þess að kenna þeim lýðræðisleg vinnubrögð.

### 4.1. Læsi

Skilgreining aðalnámskrár leikskóla á læsi er sú kunnátta sem þarf til að skilja aðra og skilja ritað mál. Hæfni til að lesa í umhverfi sitt, sem og alla þá miðla sem bjóðast. Auk þess að verða fær í eigin tjáningu, máli og ritun. Geti komið sjálfum sér á framfæri með tjáningu með fjölbreytilegum hætti. Slíkt læsi stuðlar að góðri sjálfsmynd og aukinni félagsfærni.

Málörvun gengur eins og rauður þráður í gegnum allt leikskólastarfið. Mikilvægt er að mál og málörvun greinist ekki frá öðrum uppeldisþáttum.

#### Við leggjum áherslu á að:

- Vera góðar málfyrirmyndir
- Ræða við börnin og ekki síður hlusta á þau
- Hafa ritmál sýnilegt.
- Auka orðaforða og efla hugtakaskilning barnsins
- Að hvetja barnið til tjáningar í barnahópnum
- Að lesa fyrir börnin á hverjum degi

Samverustundir eru notaðar til markvissrar málörvunar. Þar eru börnin hvött til að tala og segja frá. Rím- og klappleikir, sögulestur og sögugerð eru mikilvægar kennsluaðferðir í samverustundum og hópastarfi. Spil sem hvetja til samskipta og ýta undir aukinn orðaforða og

---

<sup>1</sup> Aðalnámskrá leikskóla, 2011:14

hugtakaskilning eru í boði í vali og frjálsum leik. Við lesum bækur þar sem við útskýrum erfið orð og hvetjum börnin til að hlusta með því að ræða við þau um það sem við erum að lesa.

Í Leikskóla Fjallabyggðar er unnið með læsi allan daginn í öllum kringumstæðum og eru ólíkar kennsluáferðir notaðar til að börnin fái grunn í lestrarkunnáttu. Samskipti eru mikilvægur undirbúningur fyrir læsi og er uppálagt að öll börn fái samræðu, þeim sé svarað og þau spurð til að efla orðaforða og notkun málsins. Hlutir eru merktir með spjöldum sem bera heiti þeirra og nöfn barnanna eru einnig sýnileg á mörgum stöðum, sætin þeirra eru merkt, hólfin í fataklefanum o.s.frv. Farið er í orðaleiki við börnin og mikið lagt upp úr persónulegum samtölum, leikskólakennarar syngja með og kenna börnunum söngva. Leikskólabörnin hafa aðgang að bókum, blöðum og ritföngum. Hugtakanotkun er mikilvæg og meðvitað er unnið með þau hugtök sem finnast í umhverfinu öllu. Tákn með tali er nýtt til stuðnings við máltöku og málskilning. Lögð eru inn nokkur tákn á viku og leitast við að nota þau í daglegu starfi.

#### 4.2. Sjálfbærni

Að menntast í sjálfbærni hefur þann tilgang að bæta umgengni, virðingu, skilja samhengi hluta og auka lífsgæði með því að bera ábyrgð á eigin lífi og heilbrigði. Aðalnámskráin leggur áherslu á að nemendum séu kennd vinnubrögð sem hafa áhrif á nútímann jafnt og komandi ár. Hlutverk kennarans er að velja viðfangsefni og auka reynslu barnsins miðað við þá stöðu sem það sjálft er í. Með því að meta stöðugt það sem hefur áunnist getur kennari gert meiri kröfur á nemendur og með því víkkað þekkingarsvið þeirra.

#### Við leggjum áherslu á að:

- börnin læri að annast sig sjálf, bera ábyrgð á sjálfum sér og heilsu sinni
- tala um veðurfar, dýralíf og allt það sem stuðlar að umhverfisvernd
- gera börnin meðvituð um náttúruna og að þau læri að þekkja hana og virða
- það skiptir máli í nútíð og framtíð hvernig við göngum um okkar nánasta umhverfi
- flokka sorp, endurvinna og endurnýta efnivið

Unnið er með grenndarkennslu sem felur í sér samskipti við fólk í umhverfinu, umferðarfræðslu, náttúru og vistvernd. Vettvangsferðir má t.d. nota til að snyrta skólalóðina okkar og nánasta umhverfi og gera börnin þannig meðvituð um að við þurfum að ganga vel um náttúruna og huga að vistkerfinu þó svo ekki þurfi að nota orðskrúð kringum það en láta verkin tala. Það er unnið með þætti sem falla undir sjálfbærni við mörg tækifæri í daglegu starfi leikskólans.

#### 4.3. Heilbrigði og velferð

Sérstök áhersla er lögð á vitund vegna heilbrigðis barna á leikskólaaldri í aðalnámskrá leikskóla. Huga eigi að andlegri og líkamlegri heilsu barna með því að gæta að heilbrigði þeirra og gera leikskólabörn meðvituð um eigin heilbrigði.

### **Við leggjum áherslu á að:**

- börn fái næga hreyfingu og hollan mat
- sýna öllum börnum umhyggju og hlýju
- Öll börn fái notið hvíldar og næðis hluta dagsins
- Gæta að líkamlegri og andlegri heilsu barnanna

Í leikskóla læra börn um hollt mataræði, hvíld, hreinlæti, hreyfingu og að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Hreyfing hefur í för með sér gleði og ánægju og í gegnum hana læra börn að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður. Umhyggjan skipar stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að mynda góð og nán tengsl við börnin.

Hvíld og næði er öllum börnum mikilvægt og hvíldartíminn er órjúfanlegur hluti starfsins og það er mikilvægt að öll börn fái notið næðis hluta dagsins. Foreldrar eru hvattir til að leyfa börnunum að fá hvíldartíma í leikskólanum.

Rætt er um heilbrigði og hollustu við matarborðið. Þar er líka verið að kenna börnunum að beita mataráhöldum, æfa borðsiði og fræða börnin um gildi þess að gæta að hreinlæti.

#### **4.4. Lýðræði og mannréttindi**

Lýðræði og mannréttindi veita þann rétt að hafa áhrif á eigin aðstæður, taka afstöðu, bera virðingu fyrir öðrum, hugleiða og bera samábyrgð. Samþykkja skoðanir annarra og gangast við þeim á gagnrýninn og ábyrgan hátt. Leikskólar eiga samkvæmt aðalnámskrá leikskóla að efla viðhorf barna til gagnrýni og með framtíðarsýn um lýðræðislegt samfélag.

### **Við leggjum áherslu á að:**

- umgangast börn af virðingu og áhuga og vera þannig góðar fyrirmyndir
- kenna börnum gagnrýna hugsun
- beita virkri hlustun til að efla sjálfsálit og sjálfstraust
- Efla dómgreind barna með því að leyfa þeim að draga sínar eigin ályktanir og prófa þær í leik og starfi

Börnin fá að velja sjálf viðfangsefni og taka ákvarðanir í sameiningu um ýmis málefni. Í öllu leikskólastarfi eru kennarar meðvitaðir um að börnin eru ekki öll eins og það þarf að bera virðingu fyrir því. Við kennum þeim að vera góð hvert við annað og sýna væntumþykju og erum alltaf að vinna með þessa þætti í öllu starfi leikskólans með því að sýna gott fordæmi.

#### 4.5. Jafnrétti

Aðalnámskrá leikskóla er grunnþættinum jafnrétti í leikskólastarfi ætlað að tryggja að allir fái notið sín og geti þroskast á eigin forsendum með það í huga að allir í skólasamfélaginu fái þjálfun og þekkingu í að meta aðstæður sem gætu valdið mismunun. Fullorðnir eru fyrirmynd og einn sterkasti áhrifavaldur barnanna.

#### Við leggjum áherslu á að:

- allir eru jafnir óháð kyni, þjóðerni, líkamlegu atgervi o.s.frv.
- fræða börn um ólíkar fjölskyldugerðir
- fræða börn um ólíka menningu, tungumál og lífsskoðanir
- hvergi í skólustarfinu, í inntaki né starfsháttum, ættu að vera hindranir í vegi annars hvors kynsins

Leggja þarf áherslu á að í leikskólanum eru allir jafnir sama hvað maður er stór, sterkur, af hvaða þjóðerni eða kyni. Börnin fást við verkefni óháð þessum þáttum. Í gegnum leikinn og í daglegri fræðslu kennum við börnunum ólíka menningu, tungumál og lífsskoðanir. Við skoðum bækur, syngjum söngva og ræðum saman um jafnrétti jafnt og þétt

#### 4.6. Sköpun

Í aðalnámskrá leikskóla segir að skapandi starf, valdi þroska og breytingum í lífi sérhvers manns. Í sköpun felst að leita nýrra leiða, að bæta við og breyta því sem fyrir er. Að bjóða börnum að nota þann efnivið sem til er og nálægur, er hluti af starfi leikskólakennaranna og einnig að leyfa notkun á hefðbundnu efni með óhefðbundnum hætti. Að látast og bulla og leika sér er skemmtilegt og allt er þetta skapandi starf sem leikskólakennararnir taka virkan þátt í.

#### Við leggjum áherslu á að:

- örva skynjun og hlúa að hugmyndaflugi og skapandi hugsun barnanna
- börnin fái að tjá sig í listsköpun s.s í myndlist, leiklist og tónlist
- örva börnin til sjálfstæðra verka
- börnin fái að kynnast fjölbreyttum efniviði

Við leggjum áherslu á að svara spurningum og þekkingarleit barnanna með efniviði sem leiðir af sér uppgötvun og meiri þekkingarleit. Opinn efniviður sem býður upp á fjölbreytta notkun er mikilvægur sem og gott aðgengi að honum. Sköpun í leikskóla á fyrst og fremst að beinast að sköpunarferlinu, gleðinni, tjáningunni, könnuninni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fær að njóta sín. Hlutverk leikskólakennara felst m.a. í því að velja leiðir sem hvetja til sjálfstæðra vinnubragða og skapandi hugsunar og gera barninu kleift að nálgast efnið frá mörgum hliðum. Tónlist er ríkur þáttur í allri þjóðmenningu. Börn öðlast tónlistarþroska með því að fá fjölbreytta reynslu af tónlist og að kynnast hljóðum, tónum og hreyfingu í leik og starfi. Í leikskóla er umhverfi sem hvetur börnin til að fást við og njóta tónlistar á ýmsan hátt, leika með takt og hrynn, syngja og skapa tónlist.



## 5. Daglegt líf í leikskólanum

Daglegt líf í leikskóla markast af föstum athöfnum sem lúta að líkamlegum þörfum barna og heilsu þeirra. Daglegt starf leikskólans, eru þær leiðir sem farnar eru til að ná markmiðum leikskólans, því er mikilvægt að samræmi sé milli leiða og markmiða. Námsvið leikskólans og daglegt líf skarast og tvinnast saman, það getur ekki orðið annað hvort eða. Á ákveðnum tímum matast börn, þvo sér, hvíla sig og sofa. Dagskipulag er sniðið að þörfum barna, þroska þeirra, aldri, samsetningu barnahóps, dvalartíma og öðrum ytri skilyrðum. Skipulag og ákveðnar tímasetningar á daglegum atburðum gefa leikskólastarfinu festu og tryggja hæfilegan og samfelldan tíma til leikja og skapandi starfs.

Í leikskóla skal rækta alhliða þroska barnsins, hlúa að öllum þroskaþáttum, efla þá og örva samspil þeirra. Lífsleikni og námsgengi barnsins byggist á jafnvægi milli allra þroskaþáttanna. Þættir sem þarf að taka tillit til eru leikurinn, leikskilyrði, efniviður, hlutverk leikskólakennarans og aðgengi barna að efnivið og búnaði. Hvernig og með hvaða hætti tekið er á móti börnum og þau kvödd. Nám barnsins fer ekki einungis fram í skipulögðum fyrir fram ákveðnum tímum, nám á sér ekki síður stað í fataherbergi, í útiveru, á matartímum, í hvíld og við daglega umönnun.

### 5.1. Dagskipulag

Leikskólinn fylgir ákveðnu dagskipulagi sem þó er sveigjanlegt. Dagskipulagið er mismunandi eftir deildum skólans, það er sniðið að þörfum barnanna, þroska þeirra og aldri. Dagskipulag leikskólans og ákveðnar tímasetningar gefa starfinu festu og veitir hverju barni öryggi.

#### 5.1.1. Að koma og fara

Við leggjum áherslu á að vel sé tekið á móti öllum börnum og foreldrum. Barnið þarf að upplifa öryggi og það viðmót sem það mætir getur haft úrslitapýðingu varðandi góð samskipti og tengsl. Mikilvægt er að foreldrar fylgi börnum sínum inn á deild þannig að enginn vafi leiki á um að barnið er komið í leikskólann. Einnig er mikilvægt að leikskólakennarar, foreldrar og börn kveðji þegar börnin fara heim, þannig að það sé ljóst hverjir séu farnir og hverjir ekki. Við væntum þess að vistunartími barnanna sé virtur. Skráð er þegar börn mæta í leikskólann og þegar þau fara heim. Mætingaskráin er mikilvægt öryggistæki ef til þess kemur að rýma þurfi leikskólann. Þá tekur deildarstjóri hana með sér á fyrir fram ákveðinn áfangastað utandyra og fer yfir það að öll börn séu komin út úr húsinu.

#### 5.1.2. Að klæða sig í og úr

*Markmið í fataherbergjum er að:*

- börnin læri að klæða sig sjálf í og úr
- börnin læri að ganga frá fötunum sínum
- börnin læri að klæða sig eftir veðri

Í fataherberginu fer fram mikið uppeldis- og fræðslustarf. Starfsfólkið situr með yngstu börnin og klæðir þau í. Jafnframt talar það við þau um það sem verið er að gera, leggur inn heiti á fötum og líkamanum, talar um veðrið og hvernig klæðnaður hæfi því. Eftir því sem börnin þroskast fara þau að hjálpa til og reyna sjálf. Eldri börnin klæða sig að mestu sjálf í og úr en fá þá hjálp sem þau þarfnast. Þetta eykur sjálfstæði þeirra og styrkir sjálfsmynd. Gefa þarf börnunum rúman tíma og gæta þess að grípa ekki inn í að óþörfu. Fylgst er með að klæðnaður barnanna sé í samræmi við veður og einnig er þess gætt að hann hindri ekki hreyfingar þeirra í leik.

### 5.1.3. Borðhald

Lögð er áhersla á að börnin fái hollan og fjölbreyttan mat í leikskólanum. Matartíminn á að vera notalegur tími þar sem öllum líður vel. Matartímar og borðhald hafa mikið uppeldislegt gildi, þar gefast gjarnan tækifæri til skemmtilegra og fræðandi umræðna. Leikskólakennarar matast með börnunum og áhersla er lögð á að þau læri almenna borðsiði.

*Markmið í matmálstímum er að:*

- börnin læri almenna borðsiði
- börnin læri að borða með viðeigandi áhöldum (hnífur, gaffal, skeið)
- börnin læri að skammta sér á diskinn það sem þau ætla að borða, að kunna sér magamál
- börnin læri að smakka á öllum mat

Börnin hjálpa til við að leggja á borð. Þegar þau hafa aldur til, skammta þau sér sjálf á diskana, nota hníf og gaffal, hella í glasið sitt, aðstoða hvert annað og ganga frá þegar þau hafa aldur og færni til. Yngstu börnunum er hjálpað við að skammta matinn og borða, þar til þau geta hjálpað sér sjálf. Þetta er þáttur í uppeldi þeirra til sjálfstæðis og sjálfsbjargar. Ávaxtastundir eru á hverjum morgni áður en börnin fara í útiveru.

### 5.1.4. Svefn og hvíld

Hvíld og nægur reglubundinn svefn er öllum börnum nauðsynlegur til að geta viðhaldið vellíðan, andlegri og líkamlegri heilsu og tekist á við lífið og leikinn.

*Markmið í hvíld eru að:*

- skapa rólegt og þægilegt andrúmsloft
- börnin nái góðri slökun

Eldri börnin eiga kyrrláta stund, hlusta á sögu og/eða rólega tónlist, yngstu börnin sofa. Börnin leggjast á dýnu, lögð er áhersla á að skapa rólegt og þægilegt andrúmsloft í hvíldinni. Á yngri deildum fá börnin koddna og teppi og geta haft hjá sér bangsa eða annan hlut sem barninu er kær. Börnin læra að taka tillit hvert til annars. Yngstu börnin sofa sum úti í vagni.

### 5.1.5. Hreinlæti

Hreinlæti er liður í uppeldisstarfinu, börnunum er hjálpað við að tileinka sér góðar venjur s.s. að þvo sér, þurrka hendur og andlit. Þannig þroska börnin með sér heilbriggt viðhorf til líkama síns og umhirðu. Við leggjum áherslu á að kenna börnunum að hjálpa sér sjálf eftir þroska og getu hvers og eins. Reynt er að gæta hreinlætis í hvívetna, ekki síst með tilliti til smithættu.

*Markmiðið með hreinlæti er að:*

- börnin læri að hugsa vel um eigin líkama og þarfir
- minnka smithættu

### 5.1.6. Frágangur og snyrtimennska

Einn liður í uppeldi og menntun barnanna er að þau læri að ganga frá fatnaði sínum og leikefni. Börnin eru þátttakendur í undirbúningi að ýmsum verkefnum, t.d. með því að sækja sér efnivið. Lögð er áhersla á að leikföng og efniviður sé aðgengilegur börnunum eftir því sem aðstæður leyfa. Við kennum börnunum að ganga sjálf frá fötum sínum þegar þau koma inn, einnig hjálpast allir að við frágang eftir leik.

*Markmiðið er að*

- börnin læri að ganga frá eftir sig,
- gangi vel um leikskólann og umhverfi sitt
- börnin vinna þessi verkefni eftir þroska og getu hvers og eins

## 5.2. Það er leikur að læra

Það er ekki tilviljun að einkunnarorð leikskólans eru **Það er leikur að læra**. Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi allra leikskóla. Leikskólakennarar þekkja leik barna, þeir virða leikinn, hlúa að honum, gefa honum rými og skipuleggja leikumhverfi barnanna. Fullorðnir og börn eru hluti af því umhverfi. Leikskólafræðingar leggja áherslu á mikilvægi leiksins sem náms- og þroskaleiðar. Hinn frjálsi sjálfsprottni leikur er æðstur allra leikja. Margs konar upplifanir barnsins, svo og dagleg störf fullorðna fólksins, glæða leik barnanna lífi og innihaldi.

Í leikskólastarfinu er barnið í brennidepli, starfshættir eiga að taka mið af þroska og þörfum hvers barns. Leikskólanám er samþætt nám þar sem námssvið og námsþættir fléttast inn í daglegt líf og leik barnsins.

### 5.2.1. Þróun leiksins

- Einleikur er fyrsta stig leiksins, barnið leikur sér eitt og tengir ekki aðra inn í leikinn
- Næsta stig er samhliðaleikur, börnin leika á svipaðan hátt með lík leikföng en samskiptin eru ekki hluti af leiknum
- Þriðja stigið er samleikur, börnin deila með sér leikefni og eiga í samskiptum í leiknum en eru ekki að leika sér við hvort annað

- Síðasta stigið er félagslegur leikur, börnin eiga í gagnkvæmum samskiptum í leiknum og skiptast á, leikefnið er sameiginlegt
- Barnið getur einnig verið áhorfandi og er þá að fylgjast með öðrum börnum í leik, en er ekki virkur þátttakandi í leiknum

### 5.2.2. Byggingarleikur

Byggingarleikur er mjög stór þáttur í starfi leikskólans. Margar gerðir af kubbum eru notaðar s.s. holukubbar, einingakubbar, Plus-kubbar og Lego-kubbar bæði litlir og stórir.

Byggingaleikirnir örva alhliða þroska. Þegar börnin eru að skapa sér leikrými efla þau rýmisvitund, félagsfærni, frumkvæði, samskiptahæfni, sjálfstæði og skapandi hugsun. Þau þurfa að skiptast á og deila með sér þeim kubbum sem til eru. Börnin þurfa að ákveða í sameiningu hvað á að byggja, hversu stórt, hvernig byggingin á að líta út, hver á að vera í hvaða hlutverki, og hvernig leikurinn á að þróast. Þessi vinna krefst rökhugsunar, einbeitingar og úthalds.

Stórir og litlir kubbar kalla á mismunandi hreyfifærni. Holukubbar og einingakubbar ýta undir grófhreyfingar. Einingakubbar, Lego og Duplo kalla auk þess á fínhreyfivinnu.

Í byggingaleikjum fá börnin tækifæri til stærðfræðilegrar hugsunar og skynjunar. Holu- og einingakubbarnir miðast við grunneiningu, hver kubbur er tvöfalt stærri eða helmingi minni en annar. Í leiknum þurfa börnin að finna út hvaða kubbur er heppilegastur fyrir það sem þau eru að hanna og í því ferli átta þau sig á stærðfræðilegum eiginleikum kubbanna. Kubbarnir eru mismunandi í lögun. Börnin læra heiti grunnforma og stærðfræði hugtök með aðstoð kennara.

### 5.2.3. Hlutverkaleikur

Hlutverkaleikur hefur áhrif á sjálfsmynd barnsins og er hin eðlilega sjálfstjáning þess. Hlutverka- og ímyndunarleikur fer fram á öllum svæðum leikskólans. Hlutverkaleikurinn eflir sköpunarhæfni, hugmyndaflug, tilfinninga-, félags- og málþroska þar sem börnin skapa leikinn á sínum forsendum í samvinnu við leikfélagana. Í hlutverka- og ímyndunarleik endurspeglast reynsluheimur barnsins.

### 5.2.4. Hreyfileikir

Í hreyfileikjum efla börnin hreyfiþroska sinn, styrkja líkama og auka þol. Hreyfileikir fara fram á öllum svæðum leikskólans en þó eru útisvæði og salur sérstaklega hönnuð fyrir hreyfileiki.

### 5.2.5. Frjáls og sjálfsprottinn leikur

Grunnurinn í starfi leikskólans er frjáls og sjálfsprottinn leikur þar sem börnin velja sjálf þau viðfangsefni sem þau taka sér fyrir hendur. Leikskólakennarar sjá til þess að umhverfið sé hvetjandi, ýta undir hugmyndaflug og sköpun barnsins. Leikskólakennarar styrkja börnin í þeim viðfangsefnum sem þau velja sér.

Barn lærir í gegnum leik og nýtir reynslu sína í leiknum. Með því að fá að prófa sig áfram öðlast barnið þekkingu og færni sem verður til þess að það kemst að eigin lausnum á vandamálum sínum og lausnirnar verða eign barnsins. Sjálfsþekking barnsins eflist í gegnum samskipti og samvinnu við aðra. Með því að fá frelsi til að prófa sig áfram kemst barnið að því hvernig er best að haga sér í mismunandi aðstæðum. Sjálfsþekking er grunnurinn að allri þekkingu. Við leggjum áherslu á að barnið fái tækifæri til að eflast og styrkjast á öllum sviðum.

Við leggjum áherslu á að börnin stjórni sínum leik sjálf eftir getu og þroska. Við bjóðum meðal annars upp á opinn efnivið þar sem ekki er til ein rétt leið eða lausn á því hvernig hann er notaður. Börnin nýta sér þennan efnivið til að vinna úr reynslu sinni. Hinir fullorðnu eru fyrirmyndir í viðurkennandi samskiptum, þar sem börn eru leidd áfram með opnum spurningum. Áhersla er lögð á innbyrðis samskipti barnanna og vel fylgst með líðan þeirra og getu í félagslegu samhengi, þar sem þau eru hvött til að leysa deilur á jákvæðan hátt. Þau eru hvött til að tjá hugsanir sínar upphátt.

#### **5.2.6. Starfsaðferðir og hlutverk leikskólakennarans**

Allt starfsfólk á að fylgjast vel með leiknum og á ávallt að vera reiðubúinn að örva eða taka þátt í leiknum og þá á forsendum barnanna. Það þarf að vera næmt á andlegar og líkamlegar þarfir barnsins og fylgjast gaumgæfilega með börnunum í leik. Börn dvelja að öllu jöfnu lengur við leik og störf ef starfsmaður er nálægur. Návistin veitir barni öryggi og stuðning.

Sérhvert barn þarf að fást við verkefni sem hæfa því. Gæta þarf þess að barn einangrist ekki og aðlagist vel barnahópnum og njóti eðlilegra félagslegra tengsla. Leikurinn er vinna barnsins og í gegnum hann lærir það. Því sýnum við leik barnanna virðingu og erum í vökulli návist við börnin þar sem þau eru að leik. Tökum gjarnan virkan þátt í leiknum á forsendum barnanna og stuðlum þannig að því að þau finni til öryggis við leik bæði úti og inni.

Barn þarf að læra að leika sér og starfa í barnahóp sem það tilheyrir. Í hópleikjum öðlast það skilning á gildi samvinnu og þroskar með sér samkennd og ábyrgðartilfinningu. Yngstu börnin þarfnast nærveru og hlýju í litlum hópum svo þau nái að byggja upp traust og öryggi.

Við leggjum áherslu á að tala af virðingu við börnin, virða hvern einstakling og mæta honum þar sem hann er staddur. Við leitumst við að vera í augnhæð við börnin þegar við tölum við þau og gætum þess að tala ekki „yfir“ þau.

Við erum opin og hlýleg í samskiptum, skömmum ekki barn þó því verði eitthvað á heldur leiðbeinum þeim. Þess er gætt að öllum sé heilsað við komuna í leikskólann og allir kvaddir þegar þeir fara heim.

Aldursskipting í hópa er til að mæta jafningjaþörfum og skapa jafningjavináttu. Fastir hópar eru til að tryggja vináttu og samstöðu en vináttutengslin eru grundvallaratriði í velferð barnsins. Starfsfólk deildar fylgist nákvæmlega með stöðu og framgangi hvers barns, skráir athuganir sínar á hverri önn á gátlista og þær eru síðan kynntar foreldrum í foreldraviðtölum.

Leikskólakennarar og starfsfólk skipuleggur starf sitt með barnahópnum með tilliti til námsmarkmiða aðalnámskrár, áherslum skólanámskrár og skóladagatal. Foreldrar fá reglulega fréttir af starfi deildarinnar á lokuðum deildarsíðum.

Annað hvert ár fer fram viðhorfakönnun meðal foreldra til að fá álit þeirra til leikskólans og til að leita eftir tillögum þeirra til úrbóta.

Starfsmenn gera sér far um jákvæða og hlýlega orðanotkun hvort sem er í samskiptum við börnin, sín á milli eða við upplýsingagjöf til foreldra. Sérstaklega leggja starfsmenn sig fram þegar erfið mál eiga í hlut og mest reynir á hreinskiptni og heiðarleika sem settur er fram af heilindum og á jákvæðan hátt.

### 5.3. Útikennsla/Útinám

Útikennsla felst í því að kennslustundir eru færðar út í nánasta umhverfi leikskólans og þar eru verkefni lögð fyrir. Með útikennslu öðlast börnin betri hreyfifærni, einbeitingu og félagslega færni. Leitast er við að auka skilning þeirra á náttúru, vísindum og umhverfi þar sem ýmis verkefni eru leyst við raunverulegar aðstæður. Útikennsla er allt það nám sem fer fram utan veggja leikskólans og er fyrst og fremst góð viðbót við annað nám. Börnin kynnast og læra að bera virðingu fyrir umhverfinu og náttúrunni. Þau taka þátt í margvíslegum verkefnum og læra um leið að þjálfra og nota skynfæri sín.

*Markmið er:*

- að börn læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og fjölbreytileika hennar
- að börn læri að njóta náttúrunnar og komast í tengsl við hana
- að börn læri um náttúruna, umhverfið og verndun þess

Áhersla er á að börn gangi vel um og læri að meta og þekkja umhverfið sitt. Vettvangsferðir eru farnar reglulega um nærumhverfi leikskólans, þar sem stutt er í fjöruna, fjallshlíðina, og á opinn svæði. Unnið er með upplifun barnanna og þeim efnivið sem þau safna í ferðum þegar í leikskólann er komið. Mikilvægt er að svara spurningum þeirra um undur náttúrunnar og aðstoða þau við frekari rannsóknir og tilraunir. Í leikskólanum er að finna ýmis tæki sem hægt er að nýta til tilrauna og í rannsóknavinnu ásamt bókum og fræðiritum. Í Leikskólanum er unnið út frá veðurfari og árstíðum. Í útinámi læra börnin að endurnýta efnivið sem og að flokka úrgang.

### 5.4. Verkefni elstu barnanna

Elstu börnin í leikskólanum eru í sérstöku starfi, sem miðast við að auka félagslega færni þeirra og hæfni til að starfa í mun stærri barnahóp þegar kemur í grunnskólann. Sú málvenja hefur orðið til að kalla þetta undirbúningsstarf Skólahóp.

Í þessum hóp eru börn sem eru á síðasta ári í leikskólanámi. Í skólahópnum er unnið að jafnaði einu sinni í viku á tímabilinu frá september fram í maí, þar er unnið að ýmsum sérverkefnum og þau fá að takast á við erfiðari og meira krefjandi verkefni til þess að koma til móts við aukna getu og fróðleiksfýsn. Meðal annars er unnið með markvissa málörvun

varðandi hugtök, tölur, hlustun o.fl.. Börnin eru örðuð til rökhugsunar og tjáningar innan hópsins.

Kennarar á yngsta stigi grunnskólans og leikskólakennarar á Núpaskál og Tröllahól eru í samstarfi og hittast nokkrum sinnum á vetri til samráðs. Farið er í skipulagðar heimsóknir í grunnskólann og yngstu börn grunnskólans koma í heimsókn í leikskólann. Að vori er farið í eins dags útskriftarferð með börnin.

Börnin í skólahópnum eru svo útskrifuð úr leikskólanum að vori við hátíðlega athöfn. Börnin bjóða foreldrum sínum og jafnvel afa og ömmu að koma og vera við útskriftina. Þau fara fyrst með ljóð eða lítinn leikþátt. Leikskólastjóri ávarpar þau og afhendir hverju og einu útskriftarskjál og svo er gjarna sungið saman og mikið tekið af myndum.

## 6. Sérfræðiþjónusta.

Leikskólinn er fyrir öll börn á leikskólaaldri. Í leikskóla eru börn með mismunandi atgervi og frá ólíkum menningarheimum. Leitast er við að hvert einstakt barn fái viðfangsefni við sitt hæfi. Mikilvægt er að félagsskapur og samskipti barnanna bindi þau vináttuböndum og styrki samkennd þeirra. Í leikskólanum er það talinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag.

Börn með fötlun og börn með frávik í þroska fá sérkennslu samkvæmt reglum sem sveitarfélagið setur. Í Leikskóla Fjallabyggðar er starfsmaður í hálfu starfi sem hefur umsjón með sérkennslu leikskólans.

*Markmið með sérkennslu eru að:*

- styðja barnið þannig að það geti notið leikskólavalar sinnar
- skapa aðstöðu til að barnið geti þroskast sem best á eigin forsendum

Ef grunur leikur á að barn þarfnist sérkennslu er fylgst sérstaklega með því og í framhaldi af því eru gerðar ráðstafanir sem hægt er að gera innan ramma leikskólastarfsins. Ef ástæða þykir til frekari aðgerða eru, í samráði við foreldra barnsins og nemendaverndarráð, kallaðir til utanaðkomandi sérfræðingar til frekari ráðgjafar.

Unnið er eftir einstaklingsnámskrá með börn sem þarfnast einhverra sérúrræða vegna frávika í þroska. Einstaklingsnámskrár og áherslupættir eru unnir af umsjónarmanni með sérkennslu í leikskólanum og í samráði við deildarstjóra. Þær eru endurskoðaðar eftir þörfum þó ekki sjaldnar en einu sinni á ári. Umsjónarmaður með sérkennslu og deildarstjóri sjá um að koma upplýsingum frá leikskólanum til foreldra og samstarfsaðila.

## 7. Samstarf heimilis og leikskóla

Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna en leikskólanum ber að veita foreldrum stuðning í uppeldi barna. Mikilvægt er að náðið samstarf og gagnkvæmt traust skapast milli heimilis og leikskóla. Foreldrar þekkja barn sitt best, þeir hafa þekkt það frá

fæðingu og fylgst með þroskaferli þess og líðan. Leikskólakennari kynnist barni í leikskólastarfi og þekkir þroska þess, færni og viðbrögð í barnahópi.

### 7.1. Foreldrasamstarf

Markmið með foreldrasamstarfi er að

- veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans
- veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum
- afla upplýsinga um aðstæður og uppeldisviðhorf foreldra
- stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans
- rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna
- skapa umræðuvettvang fyrir skoðanaskipti um uppeldi barna

Leikskólastjóri tilkynnir bréflaga þegar barnið byrjar, þar segir hver er deildarstjóri og aðrir starfsmenn. Ennfremur hvaða dag og klukkan hvað foreldri og barn eiga að mæta.

### 7.2. Aðlögun

Áður en barn byrjar í leikskólanum er foreldrum boðið á kynningarfund þar sem starf leikskólans er kynnt. Foreldrar hitta síðan deildarstjóra / leikskólakennara í stuttu viðtali á meðan á aðlögun barnsins stendur.

Barnið þarf að fá góðan tíma til að kynnast leikskólanum og starfsfólki því góð aðlögun hefur mikla þýðingu varðandi áframhaldandi dvöl barnsins. Á þessu tímabili kynnast barn og foreldrar starfsfólki leikskólans og starfsemi hans. Þegar barn byrjar í leikskóla er nauðsynlegt að hafa í huga þær breytingar sem það hefur í för með sér fyrir barnið. Barnið þarf að aðlagast nýju umhverfi, nýju fólki, læra að vera í hóp og fara eftir reglum og fleira.

Leikskólinn er samfélag þar sem börn og fullorðnir byggja upp þekkingu saman og staður námstækifæra. Barnið tekur virkan þátt í að móta umhverfi sitt og þekkingu. Í þeim anda er þátttökuaðlögun. Hún byggist á því að ekki er verið að venja barnið við að vera skilið eftir í leikskólanum, heldur er það að læra að vera í nýjum aðstæðum.

Í Leikskóla Fjallabyggðar er notuð þátttökuaðlögun. Hún byggir á að foreldrar eru með börnum sínum fyrstu þrjá dagana í leikskólanum. Foreldrar eru inni á deild með börnum sínum allan tímann ( nema þegar þau sofa). Þeir sinna börnum sínum, skipta á þeim, gefa þeim að borða, leika með þeim og eru til staðar. Kennararnir eru virkir þátttakendur í aðlöguninni, þeir skipuleggja daginn og útdeila verkefnum. Þessi aðferð byggir m.a. á þeirri trú að foreldrar yfirfæri eigin öryggiskennd og forvitni í þessum nýju aðstæðum á börnin sín. Með því að foreldrar séu þátttakendur frá fyrsta degi öðlast þeir öryggi um dagskipulagið og það nám sem fram fer í leikskólanum. Þeir kynnast kennurunum, öðrum börnum og foreldrum. Hugmyndafræðin á bak við þetta ferli aðlögunar er **Öruggir foreldrar = örugg börn.**

### 7.3. Dagleg samskipti

Foreldrar þurfa að fylgjast með því sem helst hefur drifið á daga barns í leikskóla og leikskólakennari þarf að vita um helstu atburði í lífi barnsins utan leikskólans. Mikilvægt er að foreldrar láti leikskólakennara barns vita ef breytingar verða á högum þess og fjölskyldulífi



sem haft gætu áhrif á almenna líðan barnsins. Við nýtum Karellen leikskólakerfið til að gefa foreldrum upplýsingar um það hvernig barnið sefur og borðar. Þar er líka möguleiki á spjalli og upplýsingagjöf milli leikskóla og heimilis.

#### **7.4. Almennar upplýsingar og fræðsla**

Leikskóla ber að veita foreldrum barna upplýsingar og fræðslu um leikskólastarfið. Það er gert með ýmsum hætti t.d. með daglegum upplýsingum á upplýsingatöflu og með myndum og fréttum á lokuðum deildarsíðum sem foreldrar fá aðgang að þegar barnið byrjar í leikskólanum.

Á haustin er foreldrafundur þar sem vetrarstarfið er kynnt fyrir foreldrum.

#### **7.5. Foreldrasamtöl**

Nauðsynlegt er að foreldrar gefi leikskólakennara upplýsingar um hagi barnsins og fræðist jafnframt um starf deildar. Mikilvægt er fyrir leikskólakennara að fá heildarmynd af þroska barns þegar í upphafi.

Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári. Foreldrar fá úthlutað tíma til að tala við leikskólakennara barnsins. Þar er farið yfir þroska og líðan þess bæði í leikskólanum og heima. Foreldrar geta alltaf haft samband við deildarstjóra og fengið viðtal um málefni barnsins.

#### **7.6. Foreldrafélög og þátttaka foreldra í leikskólastarfi**

Foreldrar leikskólabarna skulu gæta hagsmuna barna sinna. Þeir skulu hafa náð samráð við starfsfólk leikskóla og fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð barna. Foreldrar skulu jafnframt eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og stöðu barna sinna. Eigi í hlut foreldrar sem tala ekki íslensku eða nota táknmál skal skóli leitast við að tryggja þeim túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla. Leikskólastjóri skal stuðla að samstarfi milli foreldra og starfsfólks leikskóla með velferð barna að markmiði. Foreldrafélög eru starfandi við báðar starfsstöðvar leikskólans, Leikhóla og Leikskála. Reglur þeirra og fundargerðir eru aðgengilegar á heimasíðu leikskólans. Allir foreldrar verða sjálfkrafa meðlimir í foreldrafélaginu þegar börn þeirra hefja leikskólagöngu. Foreldrafélagin hafa stutt við starf leikskólans með ýmsum hætti. Safnað peningum og keypt leikföng og tæki sem nýtast í skólastarfinu, boðið upp á leiksyningar og hjálpað til þegar sérstakar upþakomur eru í leikskólanum.

#### **7.7. Foreldraráð**

Samkvæmt lögum um leikskóla skal kjósa foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Í foreldraráði Leikskóla Fjallabyggðar eru fjórir foreldrar, tveir frá Leikskálum og tveir frá Leikhólum. Foreldraráð setur sér starfsreglur og ber leikskólastjóra að starfa með foreldraráði. Hlutverk þess er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

## 8. Stjórnun og stjórnunarhættir

Leikskólastjórinn gegnir lykilhlutverki í þróun leikskólastarfsins. Hann skapar aðstæður sem stuðla að því að auka hæfni starfsmanna og betri leikskólamenntun barna. Við árangursríka leikskólaþróun er brýnt að leikskólastjóri leggi áherslu á umræður um innihald skólanámskrár, sérstakar áherslur í leikskólastarfinu og starfsaðferðir. Leikskólastjóri ber ábyrgð á að mótuð sé heildarstefna í uppeldis- og menntamálum leikskólans, hann sér til þess að áætlanir séu gerðar og að það fari fram reglulegt mat á starfi leikskólans.

### 8.1. Fundir

**Upplýsingafundir** eru haldnir á hverjum morgni í upphafi dags. Deildarstjórar og stjórnendur hittast og taka stöðuna í húsunum.

**Deildarstjórafundir** eru haldnir aðra hverja viku. Deildarstjórar og skólastjórnendur hittast, bera saman bækur sínar og ræða starf næstu vikna.

**Deildarfundir** eru haldnir einu sinni í mánuði. Deildarstjórinn ber ábyrgð á að deildarfundir séu haldnir og hann stjórnar fundunum. Starf deildarinnar er rætt og reynt er að tryggja að upplýsingastreymi sé sem best.

**Starfsmannafundir** eru annarsvegar hluti af skipulagsdögum tvisvar á hvorri önn og hins vegar stakir fundir eftir vinnu einu sinni til tvisvar á önn. Leikskólastjóri ber ábyrgð á að starfsmannafundir séu haldnir og stjórnar þeim. Allt starfsfólk leikskólans situr starfsmannafundi og hefur þar tækifæri til að koma málefnum sínum á framfæri. Starfsmannafundir eru líka mikilvægur vettvangur fyrir faglega umræðu og fræðslu.

### 8.2. Boðleiðir

Leikskólastjóra ber að sjá til þess að boðleiðir séu skýrar innan leikskólans, í allar áttir. Skilaboðum er komið á framfæri með fleiri en einum hætti og mikilvægt er að fólk kynni sér vel hvar upplýsingar má finna. Einnig er mikilvægt að allir hjálpist að við að koma upplýsingum á rétta staði. Stuttir upplýsingafundir deildarstjóra eru alla morgna. Þar er tilkynningum og skilaboðum komið á framfæri.

Öllum foreldrum er kynnt skóladagatal á foreldrafundum sem haldnir eru að hausti. Á því koma fram allir viðburðir sem eru framundan. Skóladagatal er yfirleitt tilbúið að vori fyrir komandi skólaár og aðgengilegt á heimasíðum leikskólans. Fréttir og tilkynningar eru birtar á heimasíðu leikskólans, á lokuðum facebooksíðum deilda og á upplýsingatöflum í fataherbergjum. Leikskólastjóri ber ábyrgð á að skilaboð fari rétta boðleið. Deildarstjóri ber ábyrgð á að koma upplýsingum til starfsfólks á hans deild og á milli deilda. Allir starfsmenn bera ábyrgð á að upplýsingar sem þeir fá komist til skila. Skilaboðin eru skrifuð á töflu á kaffistofu, inni á deild eða í dagbók á deildum.

### 8.3. Samstarf

Leikskólastjóri og deildarstjórar skulu stuðla að góðu samstarfi á milli deilda leikskólans og bera ábyrgð á virku foreldrasamstarfi. Leikskólastjóri skal einnig vinna að samstarfi við viðkomandi grunnskóla þannig að það skapist góð tengsl milli skólastiga og samfella myndist í námi barnsins.

Samstarf starfsfólks innan leikskólans er margþætt. Allt starf leikskólans byggir á samstarfi og samskiptum. Góð dagleg samskipti eru nauðsynleg til að árangur náist í starfinu með börnunum. Starfsfólk leikskólans hittist á starfsmannafundum og ræðir faglegt starf

leikskólans, sinnir skólaþróun og símenntun. Einnig leggjast allir á eitt þegar einhver viðburður er í nánd og vinna saman.

#### **8.4. Verkaskipting og ábyrgðarsvið**

Leikskólastjóri stjórnar daglegri starfsemi leikskólans, hann ber rekstrarlega sem faglega ábyrgð á starfi leikskólans ásamt aðstoðarleikskólastjóra. Saman mynda þeir stjórnunarteymi leikskólans. Þeir bera ábyrgð á að skilgreina verkaskiptingu og ábyrgðarsvið starfsmanna svo starfsmannahópurinn vinni samhent að innihaldsríku og góðu leikskólastarfi.

##### **8.4.1. Leikskólastjóri**

gegnir veigamiklu forystuhlutverki í uppeldisstarfi leikskólans, jafnframt því sem hann hefur á hendi margþætt stjórnunarstarf. Í samráði við rekstraraðila ber leikskólastjóra, ásamt starfsfólki, ábyrgð á að móta heildarstefnu í uppeldis- og menntamálum leikskólans og að áætlanir þar um séu gerðar í samræmi við lögteknar uppeldisáætlun. Öll almenn stjórnun er á höndum leikskólastjóra og ber hann ábyrgð á rekstrinum gagnvart rekstraraðila. Hann hefur á hendi sér umsjón með daglegum rekstri, eftirlit með húsnæði, efnivið, áhöldum, námsgögnum og leiktækjum, öll innkaup í samráði við leikskólakennara og annað starfsfólk. Hann sér um að undirbúningstímar starfsmanna séu teknir og nýttir í samræmi við heildarstefnu leikskólans. Leikskólastjóri ræður starfsfólk í samráði við rekstraraðila, skipuleggur vinnutíma þess, færir vinnuskýrslur og skipuleggur starfsmannafundi, foreldrafundi og fundi með sérfræðingum, sé þess þörf. Hann þarf því að hafa góða yfirsýn yfir starfsemina í heild. Leikskólastjóri ber, ásamt aðstoðarleikskólastjóra ábyrgð á daglegri starfsmannastjórn og innritun barna. Hann ber einnig ábyrgð ásamt aðstoðarleikskólastjóra á samskiptum við foreldra.

Mikilvægt er að leikskólastjóri sé jákvæður í garð starfsfólksins, hafi það með í ráðum, eftir því sem kostur er og kunni að meta kosti þess og láti það njóta sín í starfi. Með áhuga sínum á starfinu og jákvæðri afstöðu til starfsfólks og foreldra, skapar leikskólastjóri góðan starfsanda á leikskólanum.

##### **8.4.2. Aðstoðarleikskólastjóri**

Aðstoðarleikskólastjóri ber faglega ábyrgð á starfi leikskólans, ásamt leikskólastjóra. Ásamt leikskólastjóra ber hann ábyrgð á daglegri starfsmannastjórn, innritun nýrra nemenda og samskiptum við foreldra. Hann er staðgengill leikskólastjóra í fjarveru hans. Mikilvægt er að aðstoðarleikskólastjóri sé jákvæður í garð starfsfólksins, hafi það með í ráðum, eftir því sem kostur er og kunni að meta kosti þess og láti það njóta sín í starfi. Með áhuga sínum á starfinu og jákvæðri afstöðu til starfsfólks og foreldra, stuðlar hann að góðum starfsanda á vinnustaðnum.

##### **8.4.3. Deildarstjóri**

Deildarstjóri ber ábyrgð á og er faglegur stjórnandi sinnar deildar, sér um skipulagningu, framkvæmd og endurmat á uppeldisstarfi deildarinnar undir stjórn leikskólastjóra og í samráði við leikskólakennara. Honum ber að fylgjast með líðan og þroska hvers barns í leik og starfi. Hann ber ábyrgð á að haldnir séu deildarfundir. Hann ber ábyrgð á og skipuleggur samvinnu við foreldra s.s. aðlögun, dagleg samskipti, foreldraviðtöl og að foreldrar fái upplýsingar um

starfsemi deildar og líðan barnsins. Einnig sér hann um að miðla upplýsingum innan deildarinnar, milli deilda og milli leikskólastjóra og deildar. Hann hefur yfirsýn og umsjón með uppeldis- og námsgögnum deildarinnar, s.s efni, leikföngum, bókum, spilum í samráði við leikskólasjóra. Hefur umsjón með móttöku og þjálfun og leiðsögn nýrra starfsmanna. Tekur þátt í gerð skólanámskrár, ársáætlunar, mati á starfsemi leikskólans og þróunarverkefnum undir stjórn leikskólastjóra. Ber ábyrgð á að unnið sé eftir skólanámskrá og ársáætlun leikskólans á deildinni. Hann notar undirbúningstíma til skipulags á uppeldisstarfi deildarinnar, svo sem til áætlanagerðar, námsgagnagerðar og sí- endurmenntunar. Hann sinnir þeim verkefnum sem yfirmaður felur honum. Deildarstjóri skal ávallt leita samþykkis foreldra, áður en hann leitar aðstoðar sérfræðinga. Hann ber ábyrgð á að meðferðaráætlunum sérfræðinga vegna einstakra barna sé framfylgt. Deildarstjóri situr foreldrafundi sem haldnir eru á vegum leikskólans.

#### **8.4.4. Leikskólakennari**

Leikskólakennari starfar samkvæmt lögum og reglugerðum leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags. Hann vinnur að uppeldi og menntun barnanna. Fylgist með velferð þeirra og hlúir að þeim andlega og líkamlega í samræmi við eðli hvers og eins svo þau fái notið sín sem einstaklingar. Tekur þátt í gerð skólanámskrár, mati á starfsemi leikskólans og þróunarverkefnum undir stjórn leikskólastjóra. Tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs deildarinnar undir stjórn deildarstjóra. Vinnur að nánu samstarfi við foreldra og forráðamenn barnanna, situr foreldrafundi sem haldnir eru á vegum leikskólans. Tekur þátt í samstarfi við ýmsar stofnanir og sérfræðinga sem tengjast leikskólanum í samráði við deildarstjóra. Situr starfsmannafundi, deildarfundi og aðra fundi er yfirmaður segir til um, er varða starfsemi leikskólans.

#### **8.4.5. Sérkennslustjóri**

Sérkennslustjóri starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, lögum um málefni fatlaðra, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags. Hann skipuleggur sérkennslu á deildum leikskólans í samvinnu við deildarstjóra. Leiðbeinir starfsfólki deildarinnar þannig að starfsfólkið taki þátt í kennslu barna sem þurfa sérkennslu. Gerir skriflegar áætlanir fyrir hvert barn, sem nýtur sérkennslu á deildinni í samráði við deildarstjóra. Sér um að áætlanir séu endurmetnar í samráði við deildarstjóra. Gætir þess að barn sem nýtur sérkennslu einangrist ekki heldur sé hluti af hópnum og eigi hlutdeild í leikskólastarfinu. Vinnur í nánu samstarfi við foreldra barna sem njóta sérkennslu á deildinni og situr fundi og viðtöl með þeim. Situr starfsmannafundi og aðra fundi sem haldnir eru á vegum leikskólans. Situr fundi um málefni barna er þurfa sérfræðiaðstoð, eða sérkennslu á deildinni samkvæmt boðum yfirmanns eða hlutaðeigandi aðila. Sinnir þeim verkefnum er varða sérkennslu er yfirmaður felur honum.

#### **8.4.6. Leiðbeinandi**

Leiðbeinandi vinnur að uppeldisstarfinu með börnunum undir stjórn deildarstjóra. Hann fylgist með velferð þeirra og hlúir að þeim andlega og líkamlega í samræmi við eðli hvers og eins svo þau fái notið sín sem einstaklingar. Tekur þátt í gerð skólanámsskrár og mati á starfsemi leikskólans. Situr deildarfundi og aðra fundi er yfirmaður segir til um, er varða starfsemi leikskólans.

#### 8.4.7. Matráður

Matráður sér um að útbúa morgunverð, hádegisverð og síðdegishressingu fyrir börnin og það starfsfólk sem matast með börnunum. Hann sér einnig um matarinnkaup, matseðlagerð og hefur umsjón með þvottahúsi leikskólans. Hann sér um að vinnusvæði hans sé snyrtilegt og að meðhöndlun matvæla sé samkvæmt reglum.

## 9. Innra mat – Sjálfsmat leikskóla

Innra mat leggur faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og er leið til að vinna kerfisbundið að því að auka gæði leikskólastarfsins og gera það skilvirkara. Í sjálfsmati er tekið mið af markmiðum og stefnu leikskólans og lýsingu á leiðum til að ná þeim. Ákveða þarf hvað á að skoða hverju sinni. Allir sem koma nálægt starfinu í leikskólanum geta tekið þátt í matsferlinu. Samhent vinna við að bera kennsl á styrkleika og veikleika leikskólans hjálpar öllum aðilum við að móta skýra mynd af vinnunni, bæði með tilliti til nýverandi stöðu og framtíðarstefnu. Innra matið getur þannig eflt og styrkt samvinnu og þróað leið til að virkja alla viðkomandi í starfi til umbóta í öllu leikskólastarfinu.

### 9.1. Hversu góður er leikskólinn okkar

Í Leikskóla Fjallabyggðar er notað matstækið Hversu góður er leikskólinn okkar. Þar sem skólastarfinu er skipt upp í þrjá lykilþætti sem ná yfir alla þætti starfseminnar.

*Lykilþættirnir eru:* Forysta og stjórnun; Námskilyrði; Velgengni og árangur

Innan hvers lykilþáttar eru nokkrar gæðagreinar sem hjálpa okkur að svara þremur spurningum sem tengjast mikilvægum atriðum í starfi leikskólans: Spurningarnar eru

- Hversu góð er forysta okkar og aðferðir til úrbóta?
- Hversu mikil eru gæði menntunar og umönnunar sem við veitum?
- Hversu vel tryggjum við nemendum okkar góð skilyrði til að ná árangri?

Markmiðið er að gera sér grein fyrir hversu góð við erum núna og hversu góð getum við orðið. Niðurstöður vinnunnar við innra mat eru notaðar við gerð árlegrar umbótaáætlunar og fræðsluáætlunar starfsmanna.

### 9.2. Leikskólapúlsinn

Annað hvert ár sér leikskólapúlsinn um að gera kannanir á viðhorfi foreldra og starfsmanna til leikskólastarfsins. Niðurstöður úr þeim könnunum eru svo nýttar til úrbóta á starfinu.

## 10. Ársáætlun - Ársskýrsla

Ársáætlun er unnin fyrir hvert leikskólaár þar koma fram helstu þættir sem áætlað er að taka fyrir næsta leikskólaár. Ársáætlun leikskólans er á heimasíðu hans.

Samkvæmt lögum ber leikskólastjóra að gera rekstraraðila grein fyrir starfi síðast liðins leikskólaárs. Ársskýrsla er unnin eftir ákveðnu formi og hana er einnig að finna á heimasíðu leikskólans. Fræðslufulltrúi og fræðslunefnd fá einnig ársskýrsluna og er hún m.a. send bæjaryfirvöldum, menntamálaráðuneytinu o.fl.

## 11. Öryggismál

Foreldrar eiga að geta treyst því að öryggi barns sé tryggt af fremsta megni á meðan á dvöl þess stendur. Stefna leikskólans í öryggismálum á að vera foreldrum sýnileg. Mikilvægt er að vinnureglur séu skýrar og hlutverk allra klárt, einnig að reglulega sé farið yfir, rifjað upp og hnekk á þáttum sem geta skipt sköpum við erfiðar aðstæður þegar bregðast þarf hratt við.

### 11.1. Eftirlit með öryggisþáttum

Eftirlit með öryggisþáttum er unnið samkvæmt reglugerð 942/2002 um öryggi leiktækja og leiksvæða og eftirlit með þeim; lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980; og reglug. nr. 77/1982 um heilbrigðis- og öryggisstarfsemi innan fyrirtækja.

Allan búnað, húsnæði og lóðar á að skoða reglulega og gera úrbætur eftir þörfum.

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru öryggisverðir hvor í sinni byggingu.

Aðalskoðun útileiksvæða fer fram einu sinni á ári og er framkvæmd af viðurkenndri skoðunarstofu. Tæknideild Fjallabyggðar framkvæmir rekstrarskoðun á þriggja mánaða fresti og sjá um að fram fari reglubundið viðhald á leiktækjum.

Allir starfsmenn leikskólans skulu tilkynna ef leiktæki bilar eða skemmist. Einnig skal haldin slysaskráning um slys og óhöpp sem verða í leikskólanum í þeim tilgangi að greina orsakir slysa í leiktækjum og á leiksvæðum og stuðla þannig að markvissum forvörnum. Þannig má fækka hugsanlegum orsökum slysa.

## 12. Slys - Viðbragðsáætlun

Sá starfsmaður sem fyrstur kemur á vettvang sinnir bráðahjálp og lætur kalla til leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra. Þeir taka við stjórn á vettvangi og síá til að:

- Þeim slasaða sé sinnt
- Honum sé fylgt næstu skref
- Kallað er á hjálp

Annað starfsfólk sér um að færa nærstadda frá og róa þá.

Ef um alvarlegt slys er að ræða þá:

1. Haft er samband við Neyðarlínu í síma 112 ef með þarf.
2. Skólastjórnendur virkja áfallateymi ef með þarf.
3. Leikskólastjóri eða aðstoðarleikskólastjóri láta foreldra/forráðamenn viðkomandi nemenda vita.
4. Starfsfólk og nemendur leiksskólans eru upplýst um málið og áfallaáætlun tekur gildi ef um frekari aðgerðir er að ræða

### Viðbragðsáætlun Leikskóla Fjallabyggðar

Leikskóli Fjallabyggðar hefur gert viðbragðsáætlun sem er leiðbeinandi um hvernig skuli bregðast við áföllum af ýmsum toga. Viðbragðsáætlunina má nálgast á heimasíðu leikskólans.